



MANNVIT

Mosfellsbær
Ólafur Melsteð
þverholti 2
270 Mosfellsbæ

23. september 2016

Varðandi: Efnistaka í Hrossadal í landi Miðdals, Mosfellsbæ

Með erindi þessu er óskað eftir því að fyrirhugað efnistökusvæði í Hrossadal í landi Miðdals, verði sett inn á Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024. Um er að ræða námu til að vinna stórgryti. Náman fór í ferli mats á umhverfisáhrifum árið 2007. Eins og þar kemur fram stendur til að vinna 1 milljón rúmmetra af stórgryti og öðru efni á 15-20 árum og má reikna með raski á yfirborði á rúmlega 23 ha svæði.

Miðdalur ehf. er framkvæmdaraðili verkefnisins en efnistökusvæðið er allt innan þess lands sem tilheyrir Miðdal. Leyfi landeiganda, Arnar Hannesar Gestssonar, fyrir nýtingu svæðisins liggur fyrir.

Verulegar líkur eru á að sækja þurfi tugþúsundir rúmmetra af sprengdu grjóti á næstu árum vegna hafnargerðar og ef ráðist verður í gerð Sundabrautar. Það er því ljóst að brýn þörf er á stórgrýtsnámu á stór Reykjavíkursvæðinu sem styttra er að sækja í en núverandi grjótnámum. Með því minnkar flutningstími og þar með kostnaður við að sækja efnið auk þess sem umhverfislegur ávinningur næst með styttri akstursvegalengdum. Möguleikar á efnisvinnslu á ráðgerðum efnistökustað eru eftirfarandi:

- Sprengt grjót í fyllingar við hafnar- og vegagerð.
- Unnið efni til notkunar í fyllingar við gatna- og vegagerð, undir hús og í húsgrunna.
- Unnið efni mögulega til steypu- og malbiksframleiðslu.

Fram til þessa hefur grjót verið unnið í Seljadalsnámu í Þormóðsdal, þaðan sem Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur fengið efni til malbiksgerðar. Umferð frá þeiri námu liggur um Hafravatnsveg með tilheyrandi truflun fyrir bæina Þormóðsdal og Miðdal sem og frístundabyggðir við Silungatjörn og Krókatjörn. Í samræmi við samning um efnistökuna milli Mosfellsbæjar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða, sem var með gildistíma út árið 2015¹, er frágangur námunnar í tengslum við lokun hennar hafinn. Þar verður því ekki unnið meira grjót í bili að minnsta kosti. Ný náma til grjótvinnslu í Hrossadal kæmi því til með að leysa Seljadalsnámu af.

Í áltí Skipulagsstofnunar um efnistökuna, dags. 21. júní 2007, kemur fram að tilkoma efnistökusvæðis í Hrossadal geti haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð, sem er í um 3 km fjarlægð frá svæðinu, vegna umferðar efnisflutningabifreiða. Einnig er í áltí Skipulagsstofnunar vakin athygli á þeiri hættu að umferðaráhapp geti valdið tjóni á Nesjavallaæð vegna þess hve stutt er á milli æðrarinnar og aðkomuvegarins. Til að bregðast við þessum neikvæðu áhrifum er nú gert ráð fyrir annarri legu aðkomuvegarins eins og sjá má á meðfylgjandi teikningu (mynd 1). Nú er gert ráð fyrir að leggja veg til suðurs, að mestu um landsvæði eiganda námunnar, að Suðurlandsvegi (Hringvegi) í stað þess að fara með aðkomuveg út á Nesjavallaveg og alla umferð þungaflutningabíla


¹ Malbikunarstöðin Höfði og Efla verkfræðistofa, 2014. *Efnistaka í Seljadal, Mosfellsbæ – tillaga að matsáætlun.*

þar með í nágrenni við frístundabyggðina. Vegurinn þyrfti þá að þvera Nesjavallaveg og hitaveituæð, annað hvort með brú yfir hana eða að síðan yrði lögð undir veginn í ræsi (mynd 2). Þverun með þessum hætti hefur mun minni hættu í för með sér fyrir Nesjavallaæð heldur en ef vegurinn liggur samsíða æðinni.

Með því að breyta aðkomu að fyrirhuguðu efnistökusvæði sbr. framangreinda lýsingu þarf að leggja nýjan veg um 3,7 km leið. Vegagerð er hagkvæm þar sem einungis þarf að fletta fremur þunnu jarðvegslagi ofan af bergi og fylla með burðarhæfu malarefni. Auk þess þarf að lagfæra og byggja upp eldri veg um 2,1 km (Skotsvæðisvegur 0,4 km og vegur frá Suðurlandsvegi 1,7 km).


Samhliða þessu erindi um að setja fyrirhugaða efnistöku inn á aðalskipulag Mosfellsbæjar verður send fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort umrædd breyting á fyrirhugaðri efnistöku falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þegar þessi mál eru komin á hreint verður sótt um tilskilin leyfi til efnistökunnar, það er framkvæmdaleyfi og starfsleyfi.

Virðingarfyllst,






MANNVIT



Mynd 1 Áætluð vegtenging frá fyrirhugaðri efniðstöku í Hrossadal niður á Suðurlandsvegi.



Mynd 2 Ljósmynd sem sýnir hvar áætlað er að þvera Nesjavallaleiðina. Myndin er tekin til norðurs.